

Umsókn um styrk til menningarstarfssemi.

Heiti verkefnis: Saga Eiðaskóla	
Nafn umsækjenda: Kvistur film - Björn Jóhannsson, Bryndís Skúladóttir, Guðmundur Bergkvist, Sólveig Heiðrún Stefánsdóttir.	
Heimilisfang: Tröllateigur 49, 270 Mosfellsbær	Kennitala: 020560-7119
Símanúmer: 8992979	Netfang: johannssonbjorn@gmail.com
Nafn forsvarsmanns eða þess sem sækir um styrkinn: Björn Jóhannsson, Bryndís Skúladóttir, Guðmundur Bergkvist, Sólveig Heiðrún Stefánsdóttir.	

1. Greinargóð lýsing á verkefninu:

Eiðar eru fornt höfðingjasetur allt frá söguöld. Bændaskóli var stofnaður þar 1883 en frá 1918 hóf Alþýðuskólinn á Eiðum starfsemi sína og starfaði þar sleitulaust til ársins 1995 er Menntaskólinn á Egilstöðum tók yfir starfsemi hans til þriggja ára en þá var skólahald lagt niður á Eiðum.

Verkefnið sem hér er sótt um styrk til er gerð heimildarmyndar um sögu skólahalds þessi 115 ár en einnig er tæpt á því helsta eftir að skólinn komst í einkaeign. Stefnt er á að heimildamyndin verði frumsýnd á aldarafmæli Alþýðuskólans á Eiðum í okt. 2019.

Eiðaskóli var talinn kjarni menntunar og menningar á Austurlandi. Lengi vel var vart til það heimili á Austurlandi þar sem einhver fjölskyldumeðlimur tengdist ekki Eiðum en auk þess eiga mörg hjónabönd rætur sínar að rekja til Eiðastaðar. Á fimmta þúsund nemendur sóttu skólann á starfsárum hans en auk þess störfuðu þar í gegnum tíðina nokkur hundruð kennarar og annað starfsfólk. Eiðaskóli á því stóran og merkan þátt í menningarsögu Austurlands sem ber að varðveita og er heimildamyndin partur af því verkefni. Í myndinni verða m.a. tekin viðtöl við fyrrum nemendur og starfsfólk skólans í flestum þorpum og bæjum austanlands. Viðtöl og efnistöð munu bregða ljósi á mjög fjölbreytt efni s.s. nám og kennslu, skólastefnu, samgöngur til og frá skóla, aðbúnað, húsnæði, samskipti, vináttu og ástir, félagslíf, matarfélagið, tækniframfarir, draugagang og prakkarastrik.

Eiðar voru lengi vel eins og lítið þorp sem iðaði af lífi þar sem flestir gátu fundið eitthvað við sitt hæfi í fjölbreyttu félagslífi og íþróttum. Á Eiðum voru m.a. leikfélag, skákkfélag, bindindisfélag og málfundafélag auk allkonar nefnda í tengslum við hátíðir og viðburði. Þar voru líka bíósýningar, tónleikar, dansleikir, bekkjarkvöld, árshátíðir og margt fleira. Íþróttalíf var gríðarmikill þáttur í skólahaldinu lengi vel og tónlistarlíf blómstraði í áratugi. Ungmenna og íþróttasamband Austurlands er m.a. sprottið af Eiðasambandinu sem var félag fyrrum nemenda og kennara skólans stofnað 1921 og var nokkuð vel virkt í um 20 ár. Segja má að Eiðasambandið hafi verið endurvakið með stofnun Samtaka Eiðavina árið 1998 er skólahald leið undir lok. Félagið hefur það m.a. að markmiði að hefja til vegs og virðingar sögu staðarins sem menntaseturs á Austurlandi og mun því styðja dyggilega við gerð þessarar heimildarmyndar.

2. Hvenær hefst vinna við verkefnið og hvenær er gert ráð fyrir að henni ljúki?

Undirbúningur fór í gang á sumarmánuðum 2017. Gagnasöfnun og skipulagning hófust upp úr því ásamt handritasmíð fyrr á þessu ári. Upptökur og viðtöl hófust í febrúar 2018. Ætlunin er að vinna við myndina ljúki í september 2019 og frumsýning verður á aldarafmæli Alþýðuskólans í október 2019.

3. Samstarfsaðilar og hlutverk þeirra í verkefninu

Björn Jóhannsson, framleiðandi
Guðmundur Bergkvist, leikstjórn, klipping og kvikmyndataka
Bryndís Skúladóttir meðframleiðandi
Sólveig Stefánsdóttir meðframleiðandi

4. Verk- og tímaáætlun:

Verkpáttur:	Hefst:	Lýkur:
Handritsskrif	Október 2017	Febrúar 2018
Heimilda- og gagnasöfnun	September 2017	Maí 2018
Upptökur, viðtöl og fleira	Janúar 2018	September 2018
Klipping	Október 2018	Ágúst 2019
Hljóðvinnsla	Ágúst 2019	September 2019
Grafík- og eftirvinnsla	Maí 2019	September 2019

5. Kostnaðaráætlun (skiptið verkefninu upp í kostnaðarliði):

Verkpáttur:		Krónur
Handrit		1.450.000-

Framleiðandi		2.025.000-
Leikstjóri		1.610.000-
Framleiðsla		2.360.000-
Klipping og frágangur		1.830.000-
Hljóðvinnsla, tónlist		1.300.000-
Grafík, eftirvinnsla		1.060.000-
Kamerudeild, leikmynd		1.165.000-
Studioleiga, ljós, hljóðupptaka, upptökukostn.		1.652.000-
Gamalt myndefni.		200.000-
Kynning og ýmis kostnaður		717.000-
	Samtals	15.389.000-

6. Fjármögnun (gerið grein fyrir eigin framlagi):

<i>Framlög og áætlaðar tekjur</i>		<i>Krónur</i>
Sala á DVD diskum		1.500.000-
Sala aðgöngumiða á sýningu myndar		800.000-
Styrkir frá fyrirtækjum og bæjarfélögum		6.600.000-
Styrkur frá Eiðavinum		500.000-
Karolina Fund		3.000.000-
VOD og netleigur		1.000.000-
	Samtals	13.400.000-

7. Fjárhæð sem sótt er um til

Kr. 100.000

8. Er sótt til fleiri aðila um styrk vegna verkefnisins, hvaða?

Sótt er um styrki til gamalla Eiðanema, fyrirtækja á Austurlandi sem og annarra fyrirtækja. Svo og til sveitar- og bæjarfélaga á Austurlandi. Einnig var söfnun á Karolina fund á netinu fyrr á árinu.

9. Hvernig verður staðið að kynningu á verkefninu?

Heimildarmyndin verður frumsýnd á aldarafmæli skólans sem haldið verður í október 2019. Myndin verður sýnd í bíóhúsum á Austurlandi og einnig í Bæjarbíói í Hafnarfirði, til leigu í netsjónvarpi og VOD leigum í sjónvarpi. Einnig verður hún til sölu á DVD diskum.

10. Um umsækjendur:

Umsækjendur hafa reynslu af heimildarmyndagerð, framleiðslu, skipulagningu, gerð sjónvarpsefnis og dagskrárefnis.

Leikstjóri myndarinnar Guðmundur Bergkvist hefur unnið við sjónvarp í tæp 20 ár við ýmiskonar dagskrárgerð fyrir sjónvarp, fréttir, íþróttir og heimildarmyndagerð. Hann er uppalinn á Fáskrúðsfirði og nam við Eiðaskóla þrjá vetur. Meðfylgjandi er ferilskrá.

11. Umsagnaraðilar: (þeir sem geta veitt upplýsingar um umsækjanda og verkefni hans)

Björn Jóhannsson, s. 8992979 - johannssonbjorn@gmail.com

María Sigrún Hilmarsdóttir, s. 6975220 - mariash@gmail.com

Ólína Björg Einarsdóttir, s. 6958424 - olinab@gmail.com

12. Aðrar upplýsingar sem umsækjandi vill koma á framfæri:

Í kostnaðaráætlun er gert ráð fyrir að hægt sé að hagræða einhverjum liðum til að kostnaðaráætlun og fjármögnunaráætlun standist á.

Mosfellsbæ 29.04.2018

Björn Jóhannsson



Bryndís Skúladóttir



Guðmundur Bergkvist



Sólveig Heiðrún Stefánsdóttir

